

Nr. 058/14 Valdimar GK 195***Skipverji slasast við vinnu í lest***

Skipaskr.nr. 2354 IMO nr. 8302117
Smíðaður: Noregi 1982 stál
Stærð: 344,3 brl. 569 bt.
Mesta lengd: 41,3 m Skráð lengd: 38 m
Breidd: 8,5 m Dýpt: 6,55 m
Vél: Callesen 508 kW, 1981
Fjöldi skipverja: 14



Valdimar© Hilmar Snorrason

Gögn:

Slysaskýrsla frá skipi
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 20. febrúar 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 9. janúar 2014 var Valdimar GK 195 á línuveiðum á SV miðum. Veður: ASA 13-18 m/s og ölduhæð 2 m.

Skipverji var að vinna við frágang á afla í lest og stóð í tómu kari í annarri hæð. Þegar hann var að umstafla einu fiskikarinu og lyfti því upp á annað fullt í fjórðu hæð missti hann fótanna. Hann datt aftur fyrir sig og lenti ofan í karinu, sem hann hafði staðið í, með hnakkagrófina á karbrúnina og féll tóma karið þá ofan á hann.

Eftir samráð við lækni var haldið til Keflavíkur með slasaða.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði sagðist hafa stigið á ísmola sem var í botni karsins. Aðrar ástæður, eins og háлка eða hreyfing skipsins, hafi ekki orðið til þess að hann féll;
- að slasaði var í stígvélum með stáltá og með derhúfuhjálmi;
- að slasaði sagðist ávallt þurfa að lyfta körunum upp á bringuna þegar hann væri að koma þeim upp í þessa hæð;
- að slasaði sagði að þeir væru ávallt einir við þessi störf í lestinni;
- að sögn skipstjóra þá væri það útgefin vinnuregla að menn ættu að kalla eftir aðstoð við þessi störf en það væri svo annað mál hvort þeir færu eftir því eða ekki.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var óaðgæsla slasaða að tryggja ekki vinnuumhverfi sitt.

Sérstök ábending:

Nefndin vill vekja athygli á því að tíð slys hafa orðið þegar skipverjar renna til í körum og hvetur sjómenn til að huga að aðgerðum sem gætu komið í veg fyrir þessi atvik.